

# **Aðalnámskrá leikskóla**

**Mennta- og menningarmálaráðuneytið**

**2011**

## AÐALNÁMSKRÁ LEIKSKÓLA

Mennta- og menningarmálaráðuneyti: Aðalnámskrá leikskóla 2011

Febrúar 2012

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Sölvhólgötu 4  
150 Reykjavík  
Sími: 545 9500  
Bréfasími: 562 3068  
Netfang: [postur@mrn.is](mailto:postur@mrn.is)  
Veffang: [menntamálaráðuneyti.is](http://menntamálaráðuneyti.is)

© 2011 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

**EFNISYFIRLIT**

Inngangur .....	5
1 Hlutverk aðalnámskrár.....	6
1.1 Sameiginlegur hluti aðalnámskrár .....	6
1.2 Hlutverk skóla.....	7
1.3 Fagmennska kennara .....	7
2 Almenn menntun.....	9
2.1 Grunnþættir menntunar.....	9
2.1.1 Læsi .....	11
2.1.2 Sjálfbærni .....	12
2.1.3 Lýðræði og mannréttindi .....	13
2.1.4 Jafnrétti.....	14
2.1.5 Heilbrigði og velferð .....	14
2.1.6 Sköpun.....	15
2.2 Hæfni .....	16
2.3 Námsþæfni.....	17
3 Mat og eftirlit .....	18
3.1 Námsmat.....	18
3.2 Mat á skólafarfi .....	19
3.2.1 Innra mat .....	19
3.2.2 Ytra mat.....	20
4 Hlutverk leikskóla.....	21
5 Leiðarljós leikskóla .....	23
6 Lýðræði og jafnrétti í leikskólafarfi.....	25
7 Leikur og nám .....	26
8 Námsumhverfi.....	27
9 Samþætt og skapandi leikskólafarfi.....	28
9.1 Læsi og samskipti .....	28
9.2 Heilbrigði og vellíðan.....	29
9.3 Sjálfbærni og vísindi.....	30
9.4 Sköpun og menning .....	30
10 Mat á námi og velferð barna .....	32
11 Fjölskyldan og leikskólinn .....	32
12 Tengsl skólastiga .....	34
13 Skólanámskrá og starfsáætlun .....	35
14 Mat á leikskólafarfi .....	36
14.1 Innra mat í leikskóla .....	36
14.2 Ytra mat í leikskóla.....	36
Viðauki. Yfirlit yfir reglugerðir 2012 sem byggja á lögum um leikskóla, nr. 90/2008 .....	38

## FORMÁLI

Í þessari námskrá má lesa um þann ramma og aðbúnað fyrir nám og kennslu sem mótaast hefur í anda gildandi laga, reglugerða og alþjóðasamninga. Innan rammans hafa verið þróaðir sex grunnþættir sem mynda kjarna menntastefnunnar. Þeir varða starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum og skapa mikilvæga samfellu í íslensku skólakerfi. Þessir grunnþættir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Miklu skiptir að rækta með markvissum hætti þá þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir getu einstaklinga í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Þessum grunnþáttum er m.a. ætlað að bæta úr því. Mennta þarf hinn almenna borgara nægilega vel til þess að hann geti veitt valdhöfum eðlilegt aðhald, hvort sem þeir eru í fjármálagjöf, stjórnáttum, fjölmiðum eða á öðrum sviðum. Skólar eru í raun einu stofnanir samfélagsins sem geta tryggt öllum uppvaxandi kynslóðum tækifæri til að búa sig undir þátttöku í virku lýðræði, þjálfu gagnrýna og skapandi hugsun og mæta ólíkum félagslegum og menningarlegum aðstæðum.

Það eru gömul sannindi og ný að engin raunveruleg þróun verður í skólastarfi nema fyrir tilstuðlan kennara og skólastjórnenda. Lengi má lagfæra menntastefnu, skipulag, námsgögn og skólabyggingar en ef breytingum er ekki fylgt eftir í skólunum skila þær ekki árangri. Innleiðing nýrrar hugsunar í skólastarfi byggist á góðri samvinnu menntayfirvalda við þá sem bera hitann og þungann af skólastarfinu.

Ég ber þá von í brjósti að þessi námskrá hafi farsæl áhrif á skólastarf í landinu á tímum endurreisnar samfélagsins og hvet starfsfólk skóla, foreldra, forráðamenn og nemendur til að kynna sér vel efni námskrárinnar og starfa í anda hennar.

Katrín Jakobsdóttir

mennta- og menningarmálaráðherra

## INNGANGUR

Aðalnámskrá leikskóla er gerð á grundvelli 13. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008. Efnislega byggist hún á markmiðum 2. gr. laga um leikskóla og er ætlað að vera leiðarvísir fyrir leikskólastarf.

Aðalnámskráin er ígildi reglugerðar og í henni er kveðið nánar á um hlutverk leikskóla á grundvelli laga um leikskóla og reglugerða um menntun, uppeldi og umönnun í leikskóla. Námskráin fjallar um menntunar-, uppeldis- og umönnunarhlutverk leikskólans, kveður á um markmið og fyrirkomulag leikskólastarfs og ólíkar kröfur og réttindi sem taka til allra í hlutaðeigandi skólasamfélagi.

Aðalnámskrá leikskóla er ætlað að samræma menntun, uppeldi og umönnun leikskólabarna að því marki sem þörf er talin á auk þess að vera farvegur til að tryggja jafnrétti allra barna til menntunar og uppeldis í leikskólum landsins. Aðalnámskrá leikskóla hefur þannig skilgreint hlutverk og þjónar sem stjórnþæki til að fylgja eftir ákvæðum laga, er fyrirmæli fræðsluyfirvalda um menntastefnu og safn sameiginlegra markmiða leikskólastarfs.

# 1 HLOTVERK AÐALNÁMSKRÁR

Aðalnámskrá byggir á lögum um leikskóla (nr. 90/2008), grunnskóla (nr. 91/2008) og framhaldsskóla (nr. 92/2008). Aðalnámskrá er rammi um skólastarfið á þessum skólastigum og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Hún birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögnum.

Aðalnámskrá er ætluð stjórnendum, skóla, kennurum og öðru starfsfólki í skólakerfinu. Einnig veitir hún nemendum, foreldrum þeirra, opinberum stofnunum, félagasamtökum, aðilum atvinnulífsins og almenningi upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla. Segja má að aðalnámskrá sé samningur þjóðarinnar við sjálfa sig um menntamál.

## Hlutverk aðalnámskrár er margþætt:

- Aðalnámskrá birtir menntastefnu stjórnvalda, námsframboð og námskröfur og ber skólum og starfsmönnum þeirra að fylgja ákvæðum hennar við skipulagningu skólastarfs. Aðalnámskrá á því að tryggja börnum og ungmennum góðar aðstæður til náms í samræmi við gildandi lög og menntastefnu.
- Aðalnámskrá er helsta stjórnæki fræðslufirvalda til að tryggja samræmi og samhæfingu skólastarfs við útfærslu sameiginlegrar menntastefnu. Námskráin er ein meginforsenda þess að mennta- og menningarmálaráðuneytið geti gegnt lögboðnu hlutverki sínu við að annast yfirstjórn og eftirlit með gæðum og framkvæmd skólastarfs.
- Aðalnámskrá markar starfsramma stjórnenda, kennara og starfsfólks einstakra skóla við skipulagningu, framkvæmd og mat á skólastarfi sem þeim er skylt að útfæra, m.a. í skólanámskrá.
- Aðalnámskrá veitir nemendum og forráðamönnum þeirra upplýsingar um gæðakerfi og helstu viðmið sem starfsemi skóla byggist á. Hún er grundvöllur mats á skólastarfi og námsmats í skólum. Námskránni er ætlað að veita kennurum, nemendum og foreldrum þeirra, upplýsingar um menntun barna og ungmenna á hverju skólastigi. Námskráin er einnig til hliðsjónar fyrir þá sem annast menntun kennara og annars starfsfólks skóla svo og þá sem vinna við gerð námsgagna, stunda rannsóknir og annast úttektir á skólastarfi.

## 1.1 Sameiginlegur hluti aðalnámskrár

Ýmsir þættir sem fjallað er um í aðalnámskrá eru sameiginlegir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Kaflar 1–3 eru sameiginlegir í námskrám skólastiganna þriggja en þar er fjallað um stefnumið menntakerfisins, um almenna menntun og markmið skólakerfisins, um grunnþætti menntunar og um mat á skólastarfi. Lögð er áhersla á sveigjanleika og samfellu í skóla-kerfinu, bæði í inntaki og starfsháttum. Jafnframt er lögð áhersla á skólaþróun og sameiginlega þætti í fagmennsku kennara á öllum skólastigum.

Í almennum hluta aðalnámskráa leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er lýst hlutverki hvers skólastigs og sérstakri áherslu í námi og kennslu á hverju þeirra; markmiðum, viðfangsefnum og starfsháttum. Í skólanámskrám sem gefnar eru út í einstökum skólum er stefna aðalnámskrár útfærð í samræmi við stefnu á hverjum stað, nemendahóp, faglega áherslu og sérkenni í hverju tilviki.

## 1.2 Hlutverk skóla

Skólar eru menntastofnanir og hlutverk þeirra er skilgreint í löggjöf um menntun. Skólar landsins mynda samstæða heild, skólakerfi, sem tryggja skal samræmi og samhengi í menntun frá leikskólum til háskóla og fullorðinsfræðslu. Lögð er áhersla á heildstæða menntastefnu en skýr skil á milli skólastiga þannig að nemendur geti flust eðlilega á milli leikskóla og grunnskóla og á milli grunnskóla og framhaldsskóla í samræmi við einstaklingsbundna námsstöðu og þroska. Einnig skulu nemendur eiga þess kost að stunda nám á tveimur skólastigum samtímis henti það námi þeirra. Á hverju skólastigi er stefnt að fjölbreyttum viðfangsefnum og starfsháttum til að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra einstaklinga og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Meginhlutverk leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er að stuðla að almennri menntun þegnanna. Skólarnir skulu leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir barna og ungmenna. Skólastarfið miðar að virkri þátttöku þeirra í lýðræðissamfélagi innan skólans og utan.

Inntak og viðfangsefni skólastarfsins er sett fram í námssviðum, námsgreinum eða náms-áföngum. Rétt er að hafa í huga að námssvið, námsgreinar og námsáfangar eru ekki markmið í sjálfu sér heldur hjálpartæki til að stuðla að merkingarbæru námi og ná markmiðum skólastarfsins. Í aðalnámskrám skólastiganna eru því skilgreind markmið í samræmi við sérkenni hvers skólastigs, aldur og þroska barna og ungmenna.

Í skipulagi og viðfangsefnum skólastarfsins og í starfsháttum skólanna skal lögð rækt við námsumhverfi og samskipti sem stuðla að almennri menntun. Almenn menntun er grund-völlur starfsmenntunar og annarrar sértækrar menntunar. Nám og menntun á sér stað víðar en í skólum. Menntun er ævilangt ferli. Mikilvægt er að skólarnir styðji við námshvöt nemenda sinna, rækti námsgleði og vinnuanda og stuðli þannig að menntun þeirra.

Starfshættir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og samskipti barna og ungmenna innbyrðis og við kennara sína eru ekki síður en viðfangsefni kennslustunda mikilvæg til að ná markmiðum skólanna og stuðla að velferð, námi og menntun. Starfshættir skólanna skulu mótast af umburðarlyndi og jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð.

## 1.3 Fagmennska kennara

Kennarar gegna lykilhlutverki í öllu skólastarfi. Kennarastéttin spannar mörg hlutverk í skólakerfinu, s.s. kennslu, stjórnun, uppeldi, ráðgjöf, rannsóknir og þróunarstörf. Þannig teljast t.d. skólastjórnendur, sérkennarar og námsráðgjafar til kennarastéttarinnar. Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara á öllum skólastigum.

Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Markviss samskipti og góð kennsla stuðlar að námi og aukinni hæfni barna og ungmenna. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennarar leiðbeina börnum og ungmennum í námi og mati á því og vinna að því að þeir tileinki sér heilbrigða lífshætti. Þeir leitast við að skapa góðan skólabrag, réttlátar vinnureglur og hvetjandi námsumhverfi.

Í upphafi 21. aldar hafa orðið gagngerar breytingar í íslensku samfélagi sem hafa bein og óbein áhrif á skólakerfið og þá um leið nám nemenda og störf kennara. Hvort sem litið er til efnahags eða atvinnumála, félagsmála og fólksflutninga eða tækni og samskipta má finna deiglu og breytingar sem hafa áhrif á menningarlíf og þekkingu, menntun og uppeldi. Það má til sanns vegar færa að breytingar í íslensku samfélagi undanfarin ár hafi verið mjög hraðar og því aukast kröfur til skóla um að aðstoða samfélagið við að átta sig á breytingunum og takast á við nýjar aðstæður. Allt þetta eykur kröfur til kennarastéttarinnar, bæði til að greina samfélagsbreytingar og til að fella starfsemi skólanna að þeim á ábyrgan hátt.

Kennarar vinna í samráði við skólastjórnendur að þróun skólanámskrár í samræmi við aðstæður og sérstaka áherslu á hverju skólastigi. Það er á ábyrgð kennara að útfæra á faglegan hátt í kennslu sinni og öðru skólastarfi fyrir mæli menntalaga og þá stefnu sem birtist í aðalnámskrá.



## 2 ALMENN MENNTUN

Skilgreining á almennri menntun er ekki einhlít. Hún er bundin við stund og stað og jafnvel einstaklingsbundin. Til forna mynduðu hinar sjö frjálsu listir umgjörð um almenna menntun yfirstéttarinnar. Miðaldakirkjan skilgreindi almenna menntun í Evrópu á miðöldum út frá sínum þörfum og með iðnbyltingunni kom fram ný tækni og fræðasvið sem lögðu grunn að almennri menntun í nútímasamfélagi. Á 21. öld er almenn menntun skilgreind út frá samfélagslegum þörfum og þörfum einstaklinganna.

Almenn menntun stuðlar á hverjum tíma að aukinni hæfni einstaklingsins til að takast á við áskoranir daglegs lífs. Almenn menntun miðar að því að efla skilning einstaklingsins á eiginleikum sínum og hæfileikum og þar með hæfni til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi. Hún er hvort tveggja í senn einstaklingsmiðuð og samfélagsleg.

Almenna menntun öðlast fólk víðar en í skólakerfinu. Skólakerfið er þó mikilvægasti grundvöllur þess að samfélagið tryggir almenna menntun. Því er eðlilegt að skýra grunnþætti menntunar í aðalnámskrá og tengja þá meginsviðum þekkingar og leikni sem einstaklingum standa til boða í skólunum. Almenn menntun byggist á fjölbreyttu námi á meginsviðum menningar okkar, umhverfis og samfélags. Stefnt er að almennri menntun í heildstæðu skólasterfi og námi á námssviðum, í námsgreinum og námsáföngum. Skilgreining á grunnþáttum er tilraun til að kortleggja þau meginsvið almennrar menntunar sem skólasterfið stefnir að.

### 2.1 Grunnþættir menntunar

Sú menntastefna sem birt er í þessari aðalnámskrá er reist á sex grunnþáttum menntunar sem eru leiðarljós við námskrárgerðina.

Þessir grunnþættir eru:

- læsi,
- sjálfbærni,
- heilbrigði og velferð,
- lýðræði og mannréttindi,
- jafnrétti,
- sköpun.

Grunnþættirnir eiga sér stoð, hver með sínum hætti, í löggjöf fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Einnig er sótt til annarrar löggjafar þar sem finna má ákvæði um menntun og fræðslu í skólakerfinu, svo sem í lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Ennfremur er stuðst við stefnu stjórnvalda í ýmsum málaflokkum, t.d. ritinu Velferð til framtíðar um áherslur í stefnu um sjálfbæra þróun. Tekið er tillit til stefnu alþjóðlegra stofnana og alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að, svo sem barna-sáttmála Sameinuðu þjóðanna, og stefnumörkun UNESCO um almenna menntun og um sjálfbæra þróun og stefnumörkun Evrópuráðsins um lýðræði og mannréttindi. Við mörkun stefnunnar sem birtist í skilgreiningu grunnþáttanna er einnig höfð hliðsjón af hugmyndum um fag-mennsku kennara og reynslu úr þróunarstarfi í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum í landinu.

### Til hvers grunnþættir?

Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það.

Grunnþættirnir byggjast á því viðhorfi sem kemur fram í löggjöf um skóla að unnið sé bæði að samfélagslegum markmiðum og markmiðum er varða menntun sérhvers einstaklings. Þeir eru samfélagsmiðaðir þar sem þeim er ætlað að stuðla að auknu jafnrétti og lýðræði og að vinna að því að samfélagið fái vel menntað og heilbriggt fólk, bæði til að taka þátt í samfélagsbreytingum til betri vegar og til þeirra starfa sem unnin eru í samtímanum. Grunnþáttunum er ætlað að undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að meiri samfelli í öllu skólastarfi. Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvernig grunnþættirnir setja mark sitt á kennslu, leik og nám.

### Grunnþættirnir fléttast inn í allt skólastarf

Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir skulu vera sýnilegir í skólastarfinu öllu og koma fram í inntaki námsgreina og náms-sviða, bæði hvað varðar þá þekkingu og leikni sem börn og ungmenni skulu afla sér. Námssvið geta verið sérhæfing í viðfangsefnum skólastarfs þvert á námsgreinar og skólastig.

Grunnþættirnir fléttast inn í aðalnámskrár á öllum skólastigum og fyrirmæli hennar um allt skólastarfið:

- Efnisval og inntak náms, kennslu og leiks skal mótast af grunnþáttunum.
- Starfshættir og aðferðir, sem börn og ungmenni læra, eru undir áhrifum hugmynda sem fram koma í umfjöllun um grunnþættina.
- Vinnubrögð kennara og annarra, sem starfa í skólum, eiga að mótast af grunnþáttunum þannig að stuðlað sé að sjálfstæði, frumkvæði og þróun í skólastarfi.
- Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvort og hvernig grunnþættirnir hafi sett mark sitt á nám, kennslu og leik og skólastarfið í heild.

Aðalnámskrár leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er grunnur að heildstæðri námskrár-gerð í skólakerfinu. Skipulag hvers dags, viku, mánaðar og starfsárs skóla þarf að endurspeglar þá heildarsýn sem grunnþættirnir móta. Nauðsynlegt er að nálgast viðfangsefnið á heild-stæðan hátt af faglegri víðsýni og eftir atvikum samfaglega. Það getur kallað á óhefðbundna kennsluhætti og nýstárlega nálgun í skólastarfi.

### Tengsl og eðli grunnþáttanna

Grunnþættir menntunar eru settir fram sem sex þættir. Þeir tengjast þó innbyrðis í menntun og skólastarfi og eru háðir hver öðrum. Með því að hugsa út frá þeim má skapa meiri heildarsýn um skólastarfið. Þeir byggjast á þeirri hugmynd að ekki geti orðið virkt lýðræði án læsis á hvers konar táknerfi og samskiptakerfi samfélagsins. Þeir eru einnig byggðir á því að virkt lýðræði þrífist aðeins ef jafnframt er stuðlað að hvers konar jafnrétti milli einstaklinga og hópa í samfélaginu. Mannréttindi allra verða ekki tryggð nema stuðlað sé að heilbrigði og velferð hvers og eins og baráttu gegn mismunun og hvers konar ofbeldi, þar með töldu einelti.

Sjálfbærni snýst um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Sjálfbærni felur í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti ekki bara í nútíma heldur og gagnvart komandi kynslóðum. Þannig er óhugsandi að unnt sé að stuðla að mannréttindum án þess að jafnframt sé leitað eftir sjálfbærni og jafnvægi í þróun samfélagsins. Sjálfbærni er einnig háð því að hugað sé að jafnrétti þjóðfélagshópa. Lýðræði og mannréttindi og heilbrigði og velferð felast þannig í sjálfbærni en eru jafnframt sjálfstæðir grunnþættir menntunar.

Menntun til sjálfbærni, jafnréttis, lýðræðis- og mannréttinda miðar að því að börn og ungmenni skilji samfélagið eins og það er og hefur þróast. Jafnframt miðar þessi menntun að því að börn og ungmenni verði fær um að taka þátt í að móta samfélagið og öðlist þannig sýn til framtíðarinnar og hugsjónir til að beita sér fyrir. Með því að nota orðin og orðasamböndin sjálfbærnimenntun, lýðræðis- og mannréttindamenntun og jafnréttismenntun er ekki endilega verið að mótað nýjar námsgreinar eða ný námssvið heldur eru orðin notuð til vísbendingar um námsefni og viðhorf sem leggja skal áherslu á.

Sköpun er nauðsynlegur þáttur í allri menntun og nær þannig til allra annarra grunnþátta. Sköpun er mikilvægur þáttur í öllu námi og starfi, ekki einungis í listmenntun. Allir grunnþættirnir eiga sér rætur í gagnrýninni hugsun, ígrundun, vísindalegum viðhorfum og lýðræðislegu gildismati.

Þótt grunnþættirnir séu samtvinnnaðir hefur hver þeirra sín sérkenni. Þá má þannig nota til að halda utan um markmið skólakerfisins í heild og sérstakar áherslur hvers skóla eða skólastigs. Grunnþættirnir eru þó ekki nýtt flokkunarkerfi námsþátta heldur skilgreindir til þess að skerpa markmið skólanna og tengja þau saman. Flest atriði skólastarfs má fella undir fleiri en einn grunnþátt og mörg þeirra undir hvern þeirra sem er.

### 2.1.1 Læsi

Læsi hefur löngum verið tengt við þá kunnáttu og færni sem fólk þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í letur (ritað) og skilið prentaðan texta (lesið). Það hefur snúist um eitt kerfi tákna, prentmálið, og þá menningu og þau tjáningarform sem tengdust því. Í skólum hafa menn litið svo á að færni á þessu sviði væri fyrst og fremst bundin við einstaklinga og hægt væri að mæla hana, sumir væru fluglæsir en aðrir treglæsir eða jafnvel ólæsir.

Með tímanum hafa hugmyndir manna um læsi breyst enda hefur fræðafólk í ýmsum greinum varpað á það ljósi með rannsóknum sínum. Þótt kunnáttumenn séu ekki sammála um allt sem lýtur að læsi má nefna nokkur mikilvæg atriði sem þeir hafa bent á: Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og gildum. Læsi krefst skriffæra, efnis til að skrifa á og miðils, t.d. bókar, til að koma ritsmíðinni á framfæri og snýst því að hluta til um tæknimiðla og verkunnáttu.

Þrátt fyrir að læsi snúist um kerfisbundin tákni og miðlunartækni ber að undirstrika að það snýst fyrst og fremst um sköpun merkingar og sú merkingarsköpun á sér aldrei stað í tómarúmi. Tvær manneskjur kunna til dæmis að skilja tiltekinn texta á ólíkan máta þótt lestrartækni þeirra, hljóðkerfisvitund og orðaförða svipi mjög saman. Ekki er hægt að segja í þessu tilviki að þær séu misvel læsar heldur ræðst merkingarsköpun þeirra af þeirri reynslu sem þær hafa og ótal aðstæðubundnum þáttum sem orka á túlkun þeirra og skilning. Sumt er jafnframt erfitt að skilja án þess að þekkja til umræðuhefðar og orðanotkunar sem er við lýði í ýmsum hópum samfélagsins.

Það eru ekki aðeins rannsóknir á læsi sem hafa breytt afstöðu fólks til þess heldur hefur stafræn tækni breytt því umhverfi þar sem ritun og lestur eiga sér stað. Tölvur og stafræn samskiptatæki teljast víða ómissandi þáttur í daglegu lífi fólks, heima jafnt sem á vinnustað, og þykja orðið sjálfsögð verkfæri í skólastarfi. Þar skiptir það höfuðmáli að tölvurnar eru ekki aðeins öflug ritvinnslu- eða reikningsverkfæri heldur tól sem má nota til fjölþættrar merkingarsköpunar, t.d. með notkun myndmáls. Nemendur og kennarar þurfa því ekki að binda sig við prentmálið heldur býður tölvutæknin upp á að þeir noti fleiri mál við nám og kennslu. Nú geta þeir rætt það, við undirbúning athugunar eða verkefnavinnu af ýmsu tagi, með hvaða hætti sé

skynsamlegt að afla efnis og vinna úr því. Á að miðla því í stuttmynd eða bæklingi, útvarpsþætti eða á vef?

Við þessar aðstæður hafa orðið til heiti á borð við stafrænt læsi, miðlamennt og miðlalæsi. Hið stafræna læsi vísar til þeirrar kunnáttu sem fólk þarf að tileinka sér til þess að geta notað tölvu- og nettækni til samskipta og efnissköpunar af ýmsu tagi. Það snýst um orð jafnt sem ljósmyndir, prentað mál jafnt sem tónlist, og það varðar allt litróf efnisumsýslunnar, þ.e. aðföng, úrvinnslu og miðlun.

Hugtakið miðlamennt vísar til skólastarfs þar sem nemendur nota ýmsa miðla við nám sitt og læra í leiðinni sitthvað um notagildi þeirra og áhrif á menningu og lýðræði. Markmiðið er að þeir læri að leggja mat á miðlað efni en fái einnig þjálfun í að nota ýmsa miðla við efnisgerð og þekkingarsköpun. Orðið miðlalæsi er haft um þá færni og kunnáttu sem þeir öðlast við það nám sem í þessu felst.

Þótt þeim verkfærum, sem nota má í skólastarfi hafi fjölgað, dregur það þó engan veginn úr mikilvægi ritunar og lesturs í hefðbundnum skilningi. Sem fyrir skiptir það miklu máli að börn nái tókum á tiltekinni lestrar- og ritunartækni en athyglin beinist nú jafnframt að allri þeirri tækni sem nemendur geta notað í samskiptum, námi og merkingarsköpun – í þágu sjálfra sín og samfélagsins.

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

### 2.1.2 Sjálfbærni

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags.

Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Hér er einnig stuðst við þá skilgreiningu að sjálfbærni sé jafnvægisástand og sjálfbær þróun sé breytingarferlið þegar verið er að breyta þjóðfélagi, eða minni einingu, og færa það til sjálfbærni. Munur á hefðbundinni skilgreiningu og skilgreiningunni, sem hér er notuð, er fremur áherslumunur en merkingarmunur. Þessi áherslumunur hefur þó þá þýðingu í skólastarfi að leggja má áherslu á að margt smátt gerir eitt stórt, ekki þarf að bíða eftir stóru breytingunum til að geta fagnað þeim smærri.

Umhverfið og þar með náttúran umlykja allt mannlegt samfélag. Sjálfbær þróun getur ekki átt sér stað nema innan þeirra takmarka sem vistkerfi jarðar setja okkur. Því er skilningur á þeim takmörkum, ásamt ferlum, lögmálum og hringrásum í náttúrunni, mikilvægur grundvöllur þess að okkur takist að vinna eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Þannig þurfa nemendur að þekkja, skilja og virða náttúruna, bæði vegna sjálfgildis hennar og þeirrar þjónustu sem hún innir af hendi við mannfólkið. Umhverfisvernd, loftslagsbreytingar og lífbreytileiki eru dæmi um úrlausnarefni.

Í samfélagslegu tilliti snýst hugmyndafræðin um jöfnuð, innan kynslóðar og á milli kynslóða. Til þess að ná jöfnuði þurfum við að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð, hafa skilning á fjölbreytileika mannlífs og tryggja að fjölbreyttri menningu mismunandi hópa sé gert jafn hátt undir höfði. Í margbreytileika felst styrkur sem getur unnið bug á fátækt, stuðlað að friði og

tryggt lífsskilyrði og lífsgæði fyrir alla hvar í heiminum sem þeir búa. Að gera sér grein fyrir mikilvægi eigin velferðar og annarra er forsenda sjálfbærrar þróunar.

Efnahagslegur þáttur sjálfbærrar þróunar er nátengdur bæði umhverfis- og samfélags-þættinum. Efnahagskerfi samfélaga skipa stórt hlutverk þegar kemur að skynsamlegri nýtingu auðlinda og sanngjarnri skiptingu þeirra. Þannig er mikilvægt að efnahagsvöxtur byggist hvorki á, né leiði til, óhóflegs ágangs á náttúruna. Framleiðsla og neysla eru órjúfanlegir þættir samfélags og um leið efnahags hvers einstaklings. Skilningur á eigin vistspori, vistspori samfélaga og þjóða stuðlar að sjálfbærri þróun og hófsemi. Neytendafræðsla og fjármálalæsi eru því mikilvæg forsenda þess að geta metið þarfir okkar í nútíð og framtíð.

Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa; náttúru og umhverfi; lýðræði, mannréttindum og réttlæti; jafnrétti og fjölmenningu; velferð og heilbrigði; og efnahagsþróun og framtíðar-sýn.

Í sjálfbærnimenntun felst einnig að börn og ungmenni takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni. Kennsla og starfshættir innan skólans skulu fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Í því felst þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og því að stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að börnin og ungmennin taki þátt í samfélaginu.

### 2.1.3 Lýðræði og mannréttindi

Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna og ungmenna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum. Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismentun jafnframt því sem þau atriði fléttast saman við aðra grunnþætti menntunar. Skólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn.

Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans. Í fyrsta lagi þurfa skólar að taka mið af því að barna og ungmenna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa skólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði.

Mikilvægt er að í öllu námi, viðfangsefnum skólastarfsins og aðferðum sé tekið tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi. Einnig þarf að efla þekkingu á grundvallar-réttindum barna og fullorðinna með hliðsjón af íslenskri löggjöf og alþjóða-samningum. Samfélagsgreinar og lífsleikni eru kjölfesta þekkingar á lýðræði og mannréttindum og viðhorfa til sömu þátta. Lýðræðislegur hugsunarháttur á þó við í öllum námsgreinum. Lýðræðislegt gildismat verður ekki mótað nema allar námsgreinar og öll náms-svið séu notuð til þess. Umhyggja fyrir fólki, dýrum og umhverfi er einnig hluti lýðræðismentunar og á heima í öllum námsgreinum.

Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýninni hugsun og ígrundun um grunnildi samfélagsins. Slíkt nám gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir veggi skóla engu síður en samstarfi í skólanum. Þannig þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og ungmenna og við æskulýðs- og íþróttastarf. Gera þarf ráð fyrir virku samstarfi við grenndarsamfélag innan

sveitarfélags eða hverfis en slíkt samstarf er einnig einn af lykilþáttum sjálfbærni. Áhersla er lögð á að lýðræðislegir skólar geti þannig tekið þátt í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag.

#### 2.1.4 Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.

Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni, þjóðerni. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks.

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eru skýr ákvæði um að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. sé lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika. Hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi hvors kynsins. Mikilvægt er að í öllu skólastarfi, jafnt í kennslustundum sem í öllum samskiptum, séu þessi ákvæði jafnréttislaga höfð að leiðarljósi. Jafnframt er mikilvægt að draga fram að ýmsir búa við margþætta mismunun þegar fleiri slíkir þættir tvinnast saman, til dæmis kyn og fötlun, kynhneigð og þjóðerni, aldur og búseta. Í þessu skyni er eðlilegt að nýta sér í skólastarfinu þekkingu sem nýjar fræðigreinar, svo sem kynjafræði, hinseginfræði, fjölmenningsfræði og fötlunarfræði, hafa vakið athygli á.

Undir jafnréttismenntun fellur m.a. nám um kyn og kynhneigð. Með grunnþættinum jafnrétti er einnig lögð áhersla á að fram fari nám um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir. Eitt af viðfangsefnum er þróun Íslands sem fjölmenningsarsamfélags. Með jafnrétti er einnig lögð áhersla á félagslegan skilning á því hvað felst í fötlun. Áskoranir fólks með fötlun eiga ekki síður rætur í umhverfinu en í skerðingu einstaklings. Leggja skal áherslu á skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfinu.

Mikilvægt er að skapa meðvitund um mismunandi félagsstöðu og vægi ungra og aldraðra til samanburðar við þá sem eru nær miðjum aldri. Nota má staðalmyndir, einkenni og sögulega þróun mismunandi aldurskeiða, þ.e. barnæsku, unglingsára, fullorðinsára og elliára, og ólíka merkingu þessara aldurskeiða á mismunandi tímum og í ólíkum menningarheimum. Einnig má skoða ólíkt aðgengi að samfélagslegum gæðum eftir stétt, búsetu og fjárráðum. Skoða má áhrif stéttar og búsetu á heilsu, náms- og atvinnumöguleika og aðgengi að valdastöðum í samfélaginu.

#### 2.1.5 Heilbrigði og velferð

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla.

Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.

Skólustjórnendur, kennarar og annað starfsfólk skóla þarf að vera meðvitað um hvað felst í heilsutengdum forvörnum og geta nýtt sér áreiðanlegar upplýsingar um þætti sem hafa áhrif á heilbrigði. Í skólum þarf að skapa börnum og ungmennum aðstæður til heilbrigðra lífshátta. Efla þarf færni þeirra í samskiptum, uppbyggingu sjálfsmyndar, ákvarðanatöku, markmiðasetningu og streitustjórnun. Nauðsynlegt er að þau öðlist skilning á þeim áhrifum sem menning, fjölmiðlar og tækni geta haft á heilsu og líðan. Markmið þess er meðal annars að styðja börn og ungmenni svo að þau geti tekið upplýstar og ábyrgar ákvarðanir í tengslum við eigið heilbrigði.

Í skóla, sem leggur áherslu á daglega hreyfingu og markvisst hreyfiuppeldi, er lagður grunnur að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð til lífstíðar. Veita þarf fræðslu um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar. Taka þarf mið af þessu í íþróttakennslu og öllu öðru skólastarfi. Í skólaumhverfinu þarf á sama hátt að stuðla að heilsusamlegu fæðuvali með fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat. Leggja þarf áherslu á uppeldis- og félagslegt gildi máltíða meðal annars með því að gefa nægan tíma til að nærast.

Mikilvægt er að skólinn taki mið af þörfum allra barna og ungmenna á einstaklingsbundinn hátt. Allir þurfa tækifæri til að njóta styrkleika sinna sem er lykilþáttur í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Mörg áhugamál barna og ungmenna stuðla að heilbrigði og geta nýst í þessu samhengi. Með því að gefa áhugasviðum þeirra rými í skólastarfinu gefst tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga, byggja upp jákvæða sjálfsmynd og efla þannig heilbrigði.

Til að mæta áherslum um heilbrigði þurfa allir sem í skólum starfa að skoða störf sín með hliðsjón af heilbrigði og vinna í sameiningu að skýrum markmiðum sem styðja jákvæðan skólabrag, bættan námsárangur og vellíðan. Þar gegnir starfsfólk skóla miklu hlutverki sem fyrirmyndir. Einnig þarf að vinna náið með foreldrum, heilsugæslu og aðilum úr nærumhverfinu því að slík samvinna er forsenda þess að góður árangur náist.

### 2.1.6 Sköpun

Nám á sér stað þegar einstaklingur vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja. Þannig er menntun í rauninni sjálfssköpun, leið upplýsts einstaklings til að verða „meira í dag en í gær“. Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra.

Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli og leika sér með möguleika. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það. Sköpun byggist á forvitni, áskorun, spennu og leit. Glíman við viðfangsefnið og það að finna lausn getur verið umbun sköpunarinnar í sjálfu sér. Sköpun brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi og veitir nýja sýn á fyrirbæri og viðteknar hugmyndir.

Sköpun byggist á gagnrýninni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Að skapa er að fara út fyrir mengi hins þekktu og þar með auka þekkingu sína og leikni. Þótt sköpun í almennum skilningi sé vissulega nátengd listum og listnámi er sköpun sem grunnþáttur ekki bundin við listgreinar

fremur en aðrar námsgreinar og námssvið. Sköpun sem grunnþáttur skal stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi.

Sköpunarkraftur og innsæi eru lykilorð í þessu samhengi. Gagnrýnin hugsun er lykilþáttur í læsi og sköpun og fléttast saman við hlutverk gagnrýnnar hugsunar í lýðræði. Í sköpuninni felst hagnýting hugmynda og mótun viðhorfa, gildismats og hæfni. Vinnubrögð í listsköpun og vísindum einkennast oft af sköpunargleði, frumkvæði og frumleika. Þannig vinnubrögð er æskilegt að sjá í öllu námi og öllu námi og skólastarfi. Sköpun snýst ekki eingöngu um nýtt og frumlegt heldur og hagnýtingu þess sem fyrir er. Hún snýst þannig um lausnir viðfangsefna og leit að nýjum möguleikum. Þetta fléttast vel saman við menntun til sjálfbærni og læsi í víðum skilningi.

Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild. Sköpun er mikilvægur grunnur að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn, taka þátt í mótun lýðræðissamfélags og skapa sér hlutverk innan þess.

## 2.2 Hæfni

Nútímasamfélag gerir margar og oft mótsagnakenndar kröfur til þegnanna. Hlutverk skóla-kerfisins er m.a. að búa einstaklinginn undir áskoranir og verkefni daglegs lífs og hjálpa honum að fóta sig í flóknu samhengi náttúru og samfélags, hluta og hugmynda. Almenn menntun miðar að því að efla sjálfsskilning einstaklingsins og hæfni hans til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi. Nemendur þurfa að vita hvað þeir vita og hvað þeir geta og vita hvernig best er að beita þekkingu sinni og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það. Hæfni er þannig meira en þekking og leikni, hún felur einnig í sér viðhorf og siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt, félagsfærni og frumkvæði.

Nemandinn þarf ekki einungis að búa yfir þekkingu leikni og hæfni heldur skal hann einnig geta aflað sér nýrrar þekkingar, leikni og hæfni, greint hana og miðlað. Nám þarf að taka til allra þessara þátta. Slíkt nám byggist á námssamfélagi sem einkennist af grunnþáttum menntunar: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.

Við skipulag skólastarfs skal lögð áhersla á nám og menntun barna og ungmenna og hæfni þeirra að námi loknu. Kennsluaðferðir og samskiptahættir, námsgögn og kennslutæki beinast fyrst og síðast að því að styðja nemendur í námi sínu. Námsmarkmið snúa að þeirri hæfni sem nemandinn öðlast í námsferlinu og býr yfir að námi loknu.

Skólastarfi og námi, sem skilgreint er út frá grunnþáttum menntunar, er sinnt innan námssviða, námsgreina og námsáfanga. Á hinn bóginn krefjast mörg viðfangsefni þess að þau séu unnin á samfaglegan og heildstæðan hátt. Í aðalnámskrá hvers skólastigs eru grunnþættirnir útfærðir nánar. Þar er svigrúmi í skólastarfinu lýst og greint frá hlutverki kennara á hverju skólastigi. Þar er einnig rætt um samstarf skóla við heimilin.

Grunnþættir menntunar eru útfærðir á hverju skólastigi í samræmi við markmið laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Í aðalnámskrá leikskóla eru grunnþættir fléttaðir saman við námssvið leikskólans, í grunnskólum tengjast grunnþættirnir námsgreinunum og á framhaldsskólastigi eru grunnþættir menntunar útfærðir í námsáföngum á mismunandi námsbrautum. Grunnþættirnir eru því útfærðir með ólíkum hætti á mismunandi skólastigum. Í



námskrám skólastiganna er fjallað nánar um samfellu og viðfangsefni, stígandi í námi, hæfnikröfur og þrepaskiptingu í samræmi við sérkenni og starfshætti á hverju skólastigi.

### 2.3 Námsþæfni

þurfa að kunna að sækja sér nýja þekkingu og leikni, jafnframt því að geta beitt þekkingu sinni. Þeir skulu einnig að vera meðvitaðir um mikilvægi þess að vera ábyrgur og skapandi í þekkingarleit sinni, ígrunda og rökstyðja. Til að öðlast fjölbreytilega þæfni á nemendum að gefast tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengjast menningu samfélagsins, umhverfi barna og ungmenna og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði innan kennslustunda og utan, þarf að styrkja börn og ungmenni til að temja sér námsþæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.

Námsþæfni er þannig undirstöðupáttur í öllu skólastarfi og byggist á sjálfsskilningi og áhuga. Námsþæfni felur einnig í sér að þekkja eigin styrkleika og veikleika og að vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni. Námsþæfni byggist á eðlislægri forvitni barna og ungmenna, áhuga-hvöt þeirra, trú á eigin getu og hæfileika til að beita þæfni sinni í margvíslegum viðfangsefnum á uppbyggilegan hátt.

Þetta kallar á örvandi námsumhverfi í skólum. Gæta verður þess að nemandinn samþætti þekkingu sína og leikni, samtímis sem hann þjálfast í samskiptum sem byggjast á virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemandinn æfist í að tjá skoðanir sínar og útskýra verklag sitt á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.

### 3 MAT OG EFTIRLIT

Mat er órjúfanlegur þáttur í starfi skóla og námi barna og ungmenna. Námsmat veitir upplýsingar um árangur barna og ungmenna við að uppfylla markmið náms, örvar þau til frekari dáða og nýtist kennurum og starfsfólki við að stuðla að frekari framförum í námi. Mat á starfi skóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna og ungmenna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og er hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

#### 3.1 Námsmat

Mat á árangri og framförum barna og ungmenna er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa.

Námsmat miðar að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Námsmat á að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólafyrirvöldum upplýsingar um námsgengi sem má hafa að leiðarljósi við skipulagningu náms. Til að geta gegnt þessu margþætta hlutverki þarf námsmat að uppfylla þau skilyrði að vera réttmætt og áreiðanlegt. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem það á að meta á áreiðanlegan hátt.

#### Námsmat í skólanámskrá og starfsáætlun skóla

Gera skal grein fyrir viðmiðum námsmats og umsagna í skólanámskrá þannig að nemendum, foreldrum og öllum starfsmönnum skóla sé ljóst hvaða kröfur eru gerðar og hvernig skólinn hyggst meta hvernig þær eru uppfylltar. Nemendur, foreldrar, kennarar og aðrir starfsmenn skóla þurfa að geta skilið niðurstöður námsmats á svipaðan hátt. Það er forsenda þess að unnt sé að nýta upplýsingarnar til að bæta nám og kennslu.

#### Fjölbreyttar matsaðferðir

Markmið skólastarfs eru margvísleg og hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þeim. Því verða matsaðferðir að vera fjölbreyttar. Þær skulu vera í samræmi við hæfniviðmið, endurspegla áherslur í kennslu og taka mið af nemendum. Námsmat á að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt. Meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámskrá.

Kennarar þurfa að hjálpa börnum og ungmennum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim. Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat þar sem nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skuli stefna. Nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.

Tilhögun námsmats þarf að vera fjölbreytt og í samræmi við áherslur í skólastarfi og höfða til sem flestra námsþátta. Þannig skal meta munnleg verkefni, verkleg og skrifleg, myndræn, stuttar afmarkaðar æfingar og dýpri athuganir, einstaklingsverkefni og hópverkefni, verkefni sem unnin eru á afmörkuðum tíma og óafmörkuðum og próf af ýmsu tagi. Mappa eða vinnubók, þar sem safnað er saman verkefnum og úrlausnum, t.d. með rafrænum hætti, getur hentað vel

til að fá yfirsýn yfir það hversu vel nemandinn hefur unnið og gefið vísbendingar um ástundun, virkni, vinnubrögð, framfarir nemenda og félagsfærni. Námsmat þarf að taka tillit til þarfa nemenda og sértækra námsörðugleika þeirra. Skólum ber að gera það sem unnt er til þess að koma til móts við þarfir hlutaðeigandi í þessu efni. Þessir nemendur skulu eiga kost á frávikum frá almennu námsmati, t.d. lengri próftíma, sérhönnuð próf, notkun hjálpargagna, aðstoð og munnlegt námsmat.

### 3.2 Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögunum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Skólarnir bera sjálfir ábyrgð á innra mati sínu en ráðuneytið og eftir atvikum sveitarfélög annast ytra mat á skólum. Ytra mat felst m.a. í úttektum á skólastarfi í heild eða einstökum þáttum þess, stofnanaúttektum, úttektum á námsgreinum og námsþáttum og eftirliti með innra mati skóla. Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber jafnframt ábyrgð á því að fylgjast með því að sveitarfélög uppfylli lögbundnar skyldur sínar gagnvart skólum þar sem við á. Þá ber ráðuneytinu að fylgjast með stöðu og þróun menntakerfisins. Í þeim tilgangi safnar ráðuneytið margvíslegum upplýsingum um skólahald, m.a. með þátttöku í alþjóðlegum könnunum á námsárangri og öðrum þáttum skólastarfs.

Ráðuneytið gerir áætlun um úttektir á öllum skólastigum og birtir þær á vef sínum. Einnig gefur ráðuneytið út ítarlegar leiðbeiningar um innra mat sem skólar geta nýtt sér kjósi þeir það.

Aðalnámskrá myndar grunn viðmiða sem mat á skólastarfi hvílir á en í skólanámskrá útfærir skólinn nánar þau markmið og viðmið sem sett eru fram í aðalnámskrá og eftir atvikum í skólanámskrám. Mikilvægt er að innra og ytra mat á skólum nái til allra lögbundinna markmiða skólastarfsins, þ.m.t. hlutverks skóla að styrkja nemendur til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, efla frumkvæði og sjálfstæða hugsun nemenda, samskiptahæfni og fleiri atriði sem m.a. tengjast grunnþáttum menntunar.

#### 3.2.1 Innra mat

Í vinnu við innra mat skal gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá. Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hefur verið náð. Aðferðir við innra mat taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni.

Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Innra mat skóla er markvisst fléttað saman við daglegt starf og nær til allra þátta skólastarfsins, s.s. stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats og samskipta innan og utan kennslustofunnar. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans.

Þær upplýsingar og þau gögn, sem eru lögð til grundvallar matinu, taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni.

Leggja þarf mat á markmið og leiðir með reglubundnum hætti. Innra mat veitir upplýsingar um styrkleika í starfi skólans og það sem betur má fara. Með hliðsjón af niðurstöðum innra mats eru umbætur síðan skilgreindar og skipulagðar. Skóli birtir opinberlega upplýsingar um niðurstöður innra mats og áætlanir um umbætur. Persónulegar upplýsingar eru þó undanþegnar birtingu.

### 3.2.2 Ytra mat

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og eftir atvikum sveitarfélög bera ábyrgð á ytra mati leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, samkvæmt sérstakri reglugerð. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerir áætlanir til þriggja ára um ytra mat, kannanir og úttektir, sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd skólalahalds í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Áætlanirnar eru endurskoðaðar árlega og eru birtar á vef ráðuneytisins.

Ráðuneytið gerir áætlun fyrir hverja úttekt þar sem fram kemur tilgangur úttektar, helstu viðmið og áherslur. Það fær óháða sérfræðinga til að sjá um framkvæmd úttekta og fer val á þeim samkvæmt verklagsreglum ráðuneytisins. Skólum, og eftir atvikum sveitarstjórnnum, er gert viðvart skriflega um væntanlega úttekt með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Ytra mat skal byggjast á fjölbreyttum gögnum og upplýsingum, svo sem niðurstöðum innra mats og öðrum skriflegum gögnum frá skólum, heimsóknnum í skóla og viðtölum eftir því sem við á og athugun á kennslu. Skólum ber að upplýsa úttektaraðila sem best um þá þætti skólastarfsins sem úttektin beinist að.

Úttektaraðilar skila ráðuneytinu skýrslu með niðurstöðum sínum. Áður en úttektarskýrsla er send ráðuneytinu fær viðkomandi skóli tækifæri til að gera efnislegar athugasemdir. Athugasemdir skóla skal birta sem viðauka með skýrslu ef þess er óskað. Ytra mat er opinbert og skulu niðurstöður þess birtar á vefsvæðum skólans og ráðuneytisins eða með öðrum opinberum hætti. Jafnframt skal, eftir því sem við á, birta áætlanir sveitarstjórnar og skóla um úrbætur í kjölfar úttekta á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Niðurstöðum ytra mats skal fylgt eftir með markvissum hætti. Ráðuneytið óskar eftir viðbrögðum framhaldsskóla og sveitarfélaga við niðurstöðum ytra mats. Á grundvelli þeirra viðbragða ákveður ráðuneytið til hvaða aðgerða verður gripið.

## 4 HLOTVERK LEIKSKÓLA

Í aðalnámskrá leikskóla er að finna áherslu á gildi leiksins og mikilvægi lýðræðis og jafnréttis í öllu leikskólastarfi. Sett eru fram leiðarljós leikskólastarfs og fjallað um námssvið leikskóla. Áherslupættir námssviðanna endurspeglar grunnþætti menntunar og þar má finna þá hæfnipætti sem börn í leikskóla eiga að fá tækifæri til að tileinka sér.

Aðalnámskránni er ætlað að vísa ólíkum hagsmunaaðilum í skólasamfélaginu veginn hvað varðar stefnu og hugmyndafræði leikskólastarfs. Hún er leiðbeining fyrir sveitarfélög við mótun stefnu um skólalæsi, er leikskólalæsi og kennurum sveigjanlegur rammi til að ákveða leiðir að markmiðum í leikskólastarfi, er sáttmáli í þágu barna sem byggist á heildstæðri sýn á barnið með hagsmunum þess og velferð að leiðarljósi og þjónar foreldrum m.a. sem upplýsingarit um viðmið og kröfur í menntun og uppeldi barna. Leikskólar geta farið fjölbreyttar leiðir að sama marki með hliðsjón af hugmyndafræði leikskólans og aðstæðum á hverjum stað. Hver leikskóli mótar sínar starfsaðferðir og setur þær fram í skólanámskrá og starfsáætlun leikskólans.

Leikskólinn er fyrir börn upp að skólaskyldualdri. Lög um leikskóla og grunnskóla heimila hins vegar að börn ljúki leikskólanámi og hefji grunnskólanám fyrr eða síðar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Meginreglan er hins vegar sú að börn séu í leikskóla til sex ára aldurs. Í lögum um leikskóla er fjallað um markmið leikskólastarfs í 2. gr. laganna.

### 2. gr. *Markmið.*

Í leikskólum á velferð og hagar barna að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla á að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla eiga að mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru að:

- fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífældri þróun,
- rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Á grundvelli markmiða laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla hafa verið settir fram eftirfarandi grunnþættir menntunar:

- læsi,
- sjálfbærni,
- heilbrigði og velferð,
- lýðræði og mannréttindi,
- jafnrétti,
- sköpun.

Grunnþættirnir eru sameiginleg leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum og eiga að fléttast inn í allt leikskólastarfið.

Allt starfsfólk leikskóla á að koma fram við börn af virðingu, taka tillit til þeirra og hlusta á þau. Starfsfólk skal leitast við að vera í gefandi samskiptum við börn, samstarfsfólk og fjölskyldur barna og vera góð fyrirmynd í hvívetna. Starfsfólki ber að vinna í anda aðalnámskrár og tileinka sér þá sýn sem sett er fram í skólanámskrá hversleikskóla.

### **Hlutverk leikskólastjóra**

Leikskólastjóri er faglegur leiðtogi og í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarfs. Hann leiðir lýðræðislegt samstarf ólíkra hópa sem starfa innan leikskólans, stuðlar að jafnrétti og uppbyggilegum samskiptum með velferð barna að markmiði. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að starf leikskólans sé metið reglulega með innra mati og að niðurstöður séu notaðar til úrbóta í þágu starfsins. Honum ber að sjá til þess að starfsfólk fái tækifæri til að bæta við þekkingu sína og vera í stöðugri starfsþróun. Það er hlutverk leikskólastjóra að sjá til þess að farið sé eftir aðalnámskrá leikskóla og enn fremur lögum og reglugerðum sem snerta leikskólann.

### **Hlutverk leikskólakennara**

Leikskólakennari á að vera leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Hann á að vera góð fyrirmynd í starfi með börnum og leitast við að styrkja faglegt hlutverk leikskólans. Litið er á leikskólakennara sem leiðandi samverkamann barna, foreldra og annars starfsfólks leikskóla. Honum ber að sjá til þess að hvert barn sé virt að verðleikum og að námsumhverfið sé skipulagt á þann veg að börn fái notið bernsku sinnar.

## 5 LEIÐARLJÓS LEIKSKÓLA

Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að kappkosta að fylgjast með og efla alhliða þroska allra barna, veita öllum börnum hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Leggja skal áherslu á styrkleika barna og hæfni og þörf þeirra fyrir vernd og leiðsögn fullorðinna. Leikskólum ber að sinna forvarnarstarfi með því að stuðla markvisst að velferð barna og farsælli skólagöngu þeirra. Starfsfólk leikskóla skal grípa til viðeigandi ráðstafana ef þörf krefur þannig að öll börn fái sem best notið sín miðað við þroska og þarfir hvers og eins.

Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild. Börnum er sýnd virðing og umhyggja og þau fá hvatningu og viðfangsefni við hæfi. Litið er á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans.

Eftirfarandi leiðarljós eiga að vísa leikskólum veginn í mótun leikskólastarfs. Starfsfólk leik-skóla, í samráði við foreldra og börn, þarf að koma sér saman um hvernig starf leikskólans tekur mið af leiðarljósunum og skrá aðferðir og leiðir í skólanámskrá leikskólans:

- Leikskóli á að vera lýðræðislegur vettvangur og lærdómssamfélag þar sem starfsfólk, foreldrar og börn eru virkir þátttakendur og hafa áhrif á ákvarðanir um málefni leikskólans.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til samvinnu og samstarfs milli barna, starfsfólks, foreldra og nærsamfélags.
- Leikskóli á að vera félags- og menningarlegur vettvangur þar sem þjóðararfur og gildi íslensks samfélags skipa veglegan sess.
- Leikskóli á að vera samfélag þar sem hver einstaklingur nýtur virðingar og leggur sitt af mörkum.
- Starfshættir leikskóla eiga að taka mið af umhverfi leikskólans og því samfélagi sem hann er í. Jafnframt á leikskólinn að vera virkur þátttakandi í samfélaginu og hafa áhrif á það.
- Leikskólastarf skal byggjast á jafnrétti, virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og fjölbreyttum menningarheimum.
- Virða skal rétt allra sem þar dvelja, óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu og leitast við að koma til móts við þarfir allra.
- Menntun til sjálfbærni á að endurspeglast í öllu starfi leikskóla í virku samstarfi við heimili og nærsamfélag.
- Í leikskóla þarf að finna fjölbreyttar leiðir til samstarfs við fjölskyldur og leita margvíslegra leiða til að koma á framfæri upplýsingum um starfshætti og starf leikskólans ásamt leiðum til að afla upplýsinga frá foreldrum um stöðu barnsins.
- Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að því að börn læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi og vináttu.
- Í leikskóla á að stuðla að því að börn þrói með sér jákvæða sjálfsmynd með því að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings.

- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska þannig að trú þeirra á eigin getu aukist og hneigð þeirra til náms eflist.
- Í leikskóla á að byggja á reynsluheimi barna og skapa þeim merkingarbæra reynslu.
- Í leikskóla á að leggja áherslu á sjálfstæði og frumkvæði og hvetja á hvert barn til að taka ábyrgð á sjálfu sér.
- Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að virðingu barna fyrir náttúru og umhverfi sínu.
- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar og útiveru.
- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að fást við fjölbreytt verkefni sem bjóða upp á margar lausnir og hvetja til rannsókna og ígrundunar.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til gagnrýnninnar hugsunar og gefa börnum færi á að virkja sköpunarkraft sinn.
- Í leikskóla á að hvetja börn til að túlka og tjá sig á fjölbreyttan hátt, m.a. í gegnum leik, hreyfingu, myndmál, tónlist, tungumál, tölur og tákn
- Í leikskóla á að skapa aðstæður fyrir börn til að leika sér svo að þau fái svigrúm fyrir ímyndunarafl sitt og sköpun.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja börn til að tjá sig og hlusta á frásagnir, sögur, ljóð og ævintýri.
- Í leikskóla á að nýta þau tækifæri sem gefast í leik og daglegum samskiptum til að efla íslenska málvitund þar sem börn læra ný orð og hugtök og þróa tungumálið



## 6 LÝÐRÆÐI OG JAFNRÉTTI Í LEIKSKÓLASTARFI

Leikskóli er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Í leikskóla eiga foreldrar, starfsfólk og börn að vera samstarfsaðilar.

Lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þar eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti. Lítið er á börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt.

Í leikskóla ber að stuðla að jafnrétti og virkri þátttöku barna í samfélaginu með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Þannig öðlast þau skilning á því hvað lýðræði felur í sér, læra lýðræðisleg gildi og vinnubrögð og þróa með sér borgaravitund. Virða skal innsæi, reynslu, færni og skoðanir barna og taka mið af sjónarmiðum þeirra við skipulagningu leikskólastarfs og gefa þeim þannig tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð.

Þarfir og áhugi sem börn láta í ljós á fjölbreyttan hátt eiga að vera sá grunnur sem mótar umhverfi og starfshætti leikskólans. Í samstarfi við önnur börn og fullorðna skiptast þau á skoðunum, finna lausnir og miðla málum.

Í daglegu starfi leikskóla skal leggja áherslu á umhyggju, tillitssemi og samhjálp meðal allra í leikskólanum. Jafnframt skal nýta tækifæri sem gefast til að fjalla um samkennd og samlíðan gagnvart öðru fólki. Lögð skal áhersla á að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings og veita börnum stuðning í daglegum samskiptum.

Leikskóla ber að vera vettvangur þar sem allir:

- taka virkan þátt í samræðum um almenn málefni,
- hlusta hver á annan og skiptast á skoðunum,
- bera ábyrgð á sjálfum sér og gjörðum sínum,
- vinna saman og aðstoða hver annan,
- hafa val um verkefni og vinnubrögð,
- hafa áhrif á leikskólastarfið,
- taka þátt í heimspekilegum umræðum,
- vinna að jöfnum tækifærum barna óháð, kynþætti, litarhætti, kynferði, tungu, trú, stjórnmalaskoðunum, ætterni, fötlun, félagslegri stöðu eða annarra aðstæðna þeirra eða stöðu eða athafna foreldra þeirra til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.

## 7 LEIKUR OG NÁM

Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er sjálf-sprottinn og börnum eðlislægur. Þau leika sér af fúsum og frjálsum vilja og á eigin forsendum. Leikur getur veitt gleði og vellíðan en jafnframt falið í sér valdabaráttu og átök. Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra.

Í leik geta börn unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast nýjan skilning og nýja þekkingu. Í leik skapast vettvangur þar sem spurningar vakna og börn leysa vandamál sem upp koma, á eigin forsendum. Í leik eflast vitrænir og skapandi þættir. Leikurinn kallar á fjölbreytta notkun tungumálsins, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl. Leikur getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar.

Leikur getur verið bæði markmið og leið í leikskólastarfi. Þegar leikur er nýttur sem leið eru sett fram ákveðin markmið sem ætlunin er að ná í gegnum leikinn. Námsvið leikskólans fléttast inn í leik barna þegar starfsfólk tengir á markvissan hátt markmið þeirra við leik.

Leikskólakennarinn kynnir börnum nýja möguleika og skapar þannig sameiginlega reynslu sem nýtist í leik. Mikilvægt er að vera vakandi fyrir áhuga barna og því sem gerist, spyrja opinna spurninga og vinna markvisst með það sem börn eru að fást við og sýna því áhuga. Í leik læra börn hvert af öðru en hlutverk hins fullorðna í leik barna er engu síður mikilvægt og margþætt.

Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt, m.a. með því að:

- skapa fjölbreytilegt leikumhverfi og veita aðgengi að leikefni sem hvetur börn til að rannsaka, finna lausnir og skapa,
- gefa leik nægan og samfelldan tíma,
- gefa leik nægjanlegt rými svo að börnin hafi svigrúm til að hreyfa sig og til að þróa leik og dýpka,
- styðja við sjálfsprottnar athafnir og áhuga,
- eiga samskipti við börn og mynda tengsl við þau í gegnum leik,
- vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem upp koma í leik og nota þau til að kveikja áhuga barna og styðja við nám þeirra,
- styðja við og efla jákvæð samskipti í leik,
- sjá til þess að öll börn hafi tækifæri til þátttöku í leik úti og inni,
- leggja grunn að íslenskunámi barnanna og veita þeim ríkuleg tækifæri til að efla tungumálafærni sína í daglegu starfi og leik,
- bera virðingu fyrir fjölbreyttum tungumálum og leita leiða til að styðja við móðurmál og virkt fjöltyngi í daglegu starfi

## 8 NÁMSUMHVERFI

Húsnæði og búnaður leikskóla, leikvöllur og nærumhverfi mynda námsumhverfi leikskóla því leikskólabörn læra bæði úti og inni. Skipulag, hönnun og nýting námsumhverfis endurspeglar þau viðhorf og gildi sem liggja að baki leikskólastarfinu. Umhverfið er jafnframt mikilvægur áhrifaþáttur í námi barna og þarf hönnun þess, nýting og skipulag að taka mið af reynslu, áhuga og þroska ólíkra barna.

Þegar námsumhverfi leikskóla innan- og utandyra er skipulagt þarf að hafa í huga markmið leikskólastarfsins, notagildi og fagurfræðilega þætti. Umhverfið þarf að vera öruggt, heilsusamlegt og jafnframt hvetjandi og aðlaðandi. Leggja skal alúð í skipulag og hönnun umhverfis þar sem verk barna njóta sín.

Námsumhverfi leikskóla þarf að henta fjölbreyttum hópum barna og starfsfólks. Það þarf að geta tekið breytingum og þróast með tilliti til þarfa og áhuga þeirra sem þar dvelja. Börn og foreldrar eiga að fá tækifæri til að hafa áhrif á skipulagningu námsumhverfisins í samráði við starfsfólk leikskóla.

Húsnæði þarf að vera skipulagt þannig að það stuðli að samskiptum milli barna, milli starfs-fólks og barna og milli starfsfólks og foreldra. Skipuleggja þarf svæði þar sem leikur og nám fara fram í litlum hópum, rými þar sem börn geta verið í ró og næði, svæði þar sem börn geta leikið í stærri hópum og rými þar sem svigrúm er fyrir fjölbreytta hreyfingu. Umhverfi leikskóla þarf að vera sveigjanlegt þannig að börn geti nýtt það á ýmsa vegu og farið frjálst frá einum stað til annars, fengið hugmyndir og nýtt efnivið sem þar er að finna.

Efniviður leikskóla á að vera margbreytilegur og höfða til ólíkra barna á ólíkum aldri. Mikilvægt er að endurmeta og þróa leikefni reglulega. Leikefni þarf að vera hvetjandi og höfða til mismunandi skynjunar og örva börnin til rannsókna og kannana. Mikilvægt er að börn geti notað leikefni á fjölbreyttan hátt og byggt á reynslu sinni. Leikefni þarf að vera aðgengilegt börnum. Rými og efniviður þarf að vekja forvitni barna og ýta undir ímyndunarafl þeirra, sköpunarkraft og tjáningu þannig að hugmyndir þeirra njóti sín.

Leikskólalóð er mikilvægt námsrými sem á að hvetja börn til leiks, til að rannsaka, hreyfa sig og tjá sig á mismunandi vegu. Til að svo megi vera þarf að huga að fjölbreytileika, m.a. í landslagi, jarðvegi, gróðri og þeim efnivið sem börnin hafa aðgang að.

Nærumhverfi leikskóla er margbreytilegt og mismunandi eftir staðsetningu leikskólans. Náttúran býður upp á fjölbreyttan efnivið og margvísleg tækifæri til rannsókna og uppgötvana. Manngert umhverfi í nágrenni leikskóla er einnig mikilvægt námsumhverfi sem börn þurfa að fá tækifæri til að kynnst og læra af.

## 9 SAMÞÆTT OG SKAPANDI LEIKSKÓLASTARF

Börn læra í leik og daglegu starfi í leikskólanum, innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Náms svið leikskólans eiga að vera samþætt og samofin öllu starfi leikskóla og taka mið af sex grunnþáttum menntunar. Þau byggjast á skapandi og gagnrýninni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólum.

Hugtakið hæfni er skilgreint í sameiginlegum hluta aðalnámskrár fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þar kemur m.a. fram að hugtakið hæfni felur í sér þekkingu, leikni og siðferðileg viðhorf en hæfni tekur mið af aldri og þroska barna og markmiðum menntunar hverju sinni.

Leikskólastarf byggist á lögum um leikskóla þar sem lögð er áhersla á gildi leiksins. Við skipulagningu leikskólastarfs skal jafnframt taka mið af leiðarljósum leikskóla, grunnþáttum menntunar og náms sviðum leikskóla. Í skólanámskrá þarf að lýsa þekkingu, leikni og siðferðilegu viðhorfi sem stefnt er að í skólastarfi. Leikskólar útfæra sjálfir í skólanámskrá hvernig þeir vinna með hæfnipætti í samræmi við aldur og þroska barna.

Náms svið leikskólans eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

Náms svið leikskólans eiga að:

- vera hluti af leik barna,
- vera samþætt daglegu starfi leikskóla,
- vera heildstæð og byggjast á reynslu barna,
- byggjast á áhuga barna og hugmyndum,
- taka mið af félags- og tilfinningalegum þáttum náms,
- vera skipulögð í samvinnu starfsfólks, foreldra og barna,
- hvetja til samvinnu og samstarfs,
- stuðla að sjálfstæði og frumkvæði,
- hvetja til ímyndunar og sköpunar,
- vekja forvitni og hvetja til rannsókna og kannana,
- vera ánægjuleg og stuðla að vellíðan barna,
- efla áhuga barna á námi og hvetja þau til að læra og auka þekkingu sína,
- leikni og hæfni,
- stuðla að sterkri sjálfsmynd og sjálfsþekkingu,
- stuðla að uppbyggilegum samskiptum, vináttu og gleði.

### 9.1 Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Þau læra tungumál í samskiptum við fjölskyldu og aðra umönnunaraðila og sum læra fleiri en eitt. Tungumálafærni er undirstaða þess að börn geti tjáð sig og tekið virkan þátt í daglegu starfi. Þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Máltaka þeirra þróast í nokkrum þrepum eða áföngum og einstaklingsmunur er á því hversu fljót börn eru að öðlast skilning og

færni til að tjá sig á móðurmáli sínu en ekki síður á nýju tungumáli. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmiss konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Mikilvægt er að öll börn nái tökum á íslensku tungu svo þau hafi betri forsendur til þess að taka þátt í leik og daglegu starfi sem getur skipt sköpum fyrir námsárangur þeirra, svo lengi sem þau ganga í skóla hér á landi. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.

Í leikskóla ber að skapa aðstæður svo börn fái ríkuleg tækifæri til að:

- eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum,
- endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi,
- tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efniviði,
- kynnast tungumálinu og möguleikum þess,
- njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri,
- þróa læsi í víðum skilningi,
- öðlast skilning á að ritað mál og tákni hafi merkingu,
- deila skoðunum sínum og hugmyndum,
- nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar,
- velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu sem og menningu og samfélagi annarra

## 9.2 Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing getur haft í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn. Börn eiga að fá tækifæri til að hreyfa sig frjálst jafnframt því að taka þátt í skipulagðri hreyfingu. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. Í forvarnarstarfi leikskóla felst m.a. fræðsla, mat og verkefni fyrir börn, starfsfólk skóla og foreldra þar sem markmiðið er að skólaganga barnanna gangi sem best og að skólabragurinn verði sem jákvæðastur.

Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, t.a.m. hvort það hefur trú á eigin hæfni, er áhugasamt og sýnir vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að starfsfólk leikskóla myndi góð og nán tengsl við börnin.

Í leikskóla ber að stuðla að heilbrigði og vellíðan barna með því að leggja áherslu á:

- umhyggju,
- persónulega umhirðu,
- holla næringu,
- fjölbreytta hreyfingu,
- ögrandi og krefjandi útivist,
- slökun og hvíld,
- tilfinningalegt jafnvægi,

- jákvæð samskipti,
- félagsleg tengsl.

### 9.3 Sjálfbærni og vísindi

Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Byggja þarf á reynslu barna af umhverfinu og skapa aðstæður fyrir nýja merkingarbæra reynslu. Leggja skal áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með svo sem náttúru og samfélag, mismunandi náttúrufyrirbæri, vísindi og tækni.

Hlutverk leikskóla er að styðja við fróðleiksþorsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina. Út frá því er þeim kynntur nýr efniviður og hugmyndir. Þau eru spurð spurninga sem m.a. er ætlað að vekja þau til umhugsunar um sjálfbærni og sjálfbæra þróun.

Börn kanna og ræða samhengi fyrirbæra í umhverfi sínu. Ýta þarf undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna og hvetja þau til að spyrja spurninga og leita mismunandi lausna. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum. Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta.

Í leikskóla á að skapa aðstæður svo börn fái tækifæri til að vinna með og velta vöngum yfir:

- umgengni sinni og virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi,
- hvernig vistspor þeirra og nærsamfélags geta stuðlað að sjálfbærri þróun,
- hringrásum og fyrirbærum í náttúrunni,
- margvíslegum auðlindum náttúrunnar,
- nýtingu náttúrunnar,
- upplýsingamiðlum, framsetningu og gildi upplýsinga,
- stærðfræðilegum viðfangsefnum, s.s. tölum, táknum og mynstrum,
- lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra,
- eðli ýmissa krafta og birtingarmyndum þeirra í umhverfinu,
- eiginleikum ýmissa efna og hluta,
- möguleikum og takmörkunum tækninnar,
- rými, fjarlægðum og áttum.

### 9.4 Sköpun og menning

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Umhverfi leikskóla á að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna. Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Gera skal barninu kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum. Hlutverk leikskólakennara felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnunum.

Í leikskóla á að vera rými fyrir sköpunarferli og fagurfræðilega tjáningu þar sem börn:

- njóta þess að taka þátt í skapandi ferli,
- finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti,

- kanna og vinna með margvíslegan efnivið,
- nýta fjölbreytta tækni,
- kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum,
- læra texta og taka þátt í söng,
- skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu,
- njóta fjölbreyttrar menningar og lista,
- taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu,
- kynnast og vinna með listafólki á hinum ýmsu sviðum menningar og lista.

## 10 MAT Á NÁMI OG VELFERÐ BARNNA

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja nám og velferð barna við skipulagningu leikskólustarfsins og í samstarfi við foreldra. Um er að ræða ferli sem á að vera samþætt daglegu starfi leikskólans og fela í sér skipulagningu, skráningu, mat og ígrundun á námi, þroska og velferð barna.

Markmið mats er að auka þekkingu og skilning leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barna á þroska barna, námi og líðan. Matið á einnig að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla og að réttindi barna séu virt.

Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat á þar af leiðandi að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli þess skal veita þeim námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í skólastarfinu.

Sérfræðiþjónusta sveitarfélaga í leikskólum skal stuðla að jafnrétti til náms og vellíðan allra barna. Sérfræðiþjónustan veitir ráðgjöf og fræðslu vegna barna ef foreldrar og/eða starfsfólk leikskóla telja þess þurfa til að geta veitt börnunum sem besta menntun, uppeldi og umönnun og umhverfi við hæfi.

Þegar fylgst er með þroska, námi og velferð barna er lögð áhersla á:

- alhliða þroska,
- sjálfstæði,
- áhugasvið,
- þátttöku í leik úti og inni,
- félagsfærni og samkennd,
- frumkvæði og sköpunarkraft,
- tjáningu og samskipti.

Hver leikskóli á að þróa fjölbreyttar aðferðir við að safna, skrá, skipuleggja og greina upplýsingar um þroska barna, nám, vellíðan og færni og móta sérstakt vinnulag þar um. Fjalla þarf um vinnulagið í skólanámskrá, hafa það aðgengilegt þeim sem málið varðar og tengja það innra mati leikskólans eftir því sem við á.

Mikilvægt er að mat byggist á þátttöku og samvinnu leikskólakennara, annars starfsfólks leikskóla, foreldra og barna. Börn eiga að fá tækifæri til að taka þátt í að meta nám sitt, setja sér markmið og koma með tillögur að leiðum sem best er að fara. Foreldrar búa yfir mikilvægum upplýsingum og þekkingu á börnum sínum og eiga að taka þátt í mati á líðan þeirra og námi. Mat, sem unnið er í samstarfi leikskóla, foreldra og barna, stuðlar að betri skilningi og innsýn í námsferli barna, áhuga þeirra og styrkleika. Það auðveldar foreldrum að styðja við börn sín heima og eykur vitund barna um eigin getu og styrkleika og hvernig þau læra best. Mat á þannig að efla sjálfstraust og sjálfsmynd barnsins og stuðla að jafnrétti til menntunar.

## 11 FJÖLSKYLDAN OG LEIKSKÓLINN

Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólustarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna. Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn



að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi. Þar ber leikskólakennurum og öðru starfsfólki að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu. Huga þarf að málörvun og að gefa þeim verkfæri til samskipta og félagslegrar þátttöku strax frá upphafi leikskólagöngunnar. Þar er starfsfólk leikskólans mikilvægar fyrirmyndir. Samstarf starfsfólks leikskóla og foreldra þarf að byggja á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir reynslu, viðhorfum, gildum og þekkingu hverra annarra. Mikilvægt er að á milli þessara aðila ríki traust, þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn.

Við upphaf leikskólagöngunnar er lagður hornsteinn að samstarfi foreldra og leikskóla. Þar gefst foreldrum tækifæri til að kynnst starfsháttum, hugmyndafræði og námskrá leikskólans og starfsfólk leikskólans fær upplýsingar um barnið, aðstæður þess, reynslu og áhugasvið. Á þessum gagnkvæmu upplýsingum byggjast fyrstu skref barnsins í leikskólanum. Foreldrar þurfa strax í upphafi að fá þau skilaboð að framlag þeirra sé mikils metið og litið sé á þá sem mikilvæga samstarfsaðila. Starfsfólki ber að leitast við að ná til foreldra allra barna. Þegar fjöltyngd börn hefja leikskólagöngu þarf að eiga samtal við foreldra um stöðu þeirra í móðurmáli og íslensku. Huga þarf að málörvun og að gefa þeim verkfæri til samskipta og félagslegrar þátttöku.

Dagleg samskipti þurfa að einkennast af vilja til samvinnu og virðingu fyrir tilfinningum og skoðunum barna, foreldra, leikskólakennara og annars starfsfólks. Tíðust samskipti fara fram þegar foreldrar koma með börn sín og sækja þau í leikskólann og mikilvægt er að sá tími sé nýttur til daglegra samskipta sé þess kostur. Einnig þarf starfsfólk leikskóla að grípa þau tækifæri sem gefast til að veita foreldrum upplýsingar um leikskólastarfið og barnið þeirra og til að hlusta á viðhorf og hugmyndir foreldra. Að sama skapi er mikilvægt að foreldrar séu hvattir til að spyrjast fyrir um starfið í leikskólanum og leikskólagöngu barna sinna.

Í reglubundnum samtölum foreldra og leikskólakennara gefast tækifæri á markvissum samræðum um líðan, nám og þroska barns heima og í leikskólanum. Foreldrar þekkja börn sín best og styðja við skólagöngu þeirra með því að veita mikilvægar upplýsingar sem leggja grunn að námi barnsins. Jafnframt eiga foreldrar að hafa gott aðgengi að öllum upplýsingum um leikskólastarfið og börn sín svo að þeir geti fylgst með skólagöngu þeirra, veitt þeim stuðning og hvatningu. Bera á virðingu fyrir fjölbreyttum bakgrunni barna og hvetja foreldra fjöltyngdra barna til að viðhalda móðurmálinu. Styðja þarf öll börn til framfara í íslensku og fræða foreldra um málþroska og læsi.

Hvatt er til þátttöku fjölskyldna í leikskólastarfi og að byggt sé á þeirri hugmynd að fjölskyldan og leikskólinn séu samstarfsaðilar. Leitast skal við að hlusta eftir sjónarmiðum foreldra og stuðla að áhrifum þeirra m.a. í gegnum foreldraráð leikskólans og þátttöku í innra mati. Leikskólakennarar ígrunda og meta sjónarmið barna og framlag foreldra til leikskólastarfsins. Með fagmennsku sinni bera þeir ábyrgð á að skipulag starfsins taki mið af heildarhagsmunum allra sem að því koma.

## 12 TENGL SKÓLASTIGA

Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Að ljúka leikskólanámi og byrja í grunnskóla felur í sér breytingar fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Mikilvægt er að nám og uppeldi í grunnskóla byggist á fyrri reynslu og námi barna, til að skapa þeim öryggi og ný námstækifæri. Þannig þarf sú þekking og þau viðfangsefni, sem börnin voru að fást við í leikskólanum, að verða grunnur sem grunnskólanámið byggist á, jafnframt því sem þau fá tækifæri til að takast á við ögrandi verkefni og öðlast nýja reynslu.

Ef flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir lok leikskólanáms. Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynnast umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst. Líta ber á síðasta ár barna í leikskóla og fyrsta ár þeirra í grunnskóla sem mikilvægan þátt í ævimenntun barna.

Við lok leikskóla liggja fyrir ýmsar upplýsingar um börnin. Til að tryggja að byggt sé á fyrri námi og reynslu leikskólabarna og grunnskólaganga þeirra verði eins og best verður á kosið, er gert ráð fyrir að tiltekna upplýsingar um hvert barn, sem nauðsynlegar eru fyrir velferð þess og þroska, fylgi því í grunnskólann. Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiganna sem geta miðlað upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra. Þeir eiga jafnframt rétt á að fá vitneskju um þau gögn sem fylgja barninu úr leikskólanum í grunnskólann og gefast kostur á að bregðast við þeim. Leitast skal við að börnin fái einnig tækifæri til að láta í ljós sjónarmið sín um þau gögn og upplýsingar sem fylgja þeim milli skólastiga.

Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga, þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli. Kennarar á báðum skólastigum eiga að kynna sér nám og starfsaðferðir hvers annars, leita leiða til að móta samstarf og skapa samfellu í námi barna í því augnamiði að auka sjálfstraust barna og styðja við nám þeirra. Gera þarf grein fyrir markmiðum, fyrirkomulagi og uppbyggingu samstarfs og tengsla milli skólastiga í skólanámskrá hvers leikskóla.

## 13 SKÓLANÁMSKRÁ OG STARFSÁÆTLUN

Á grunni aðalnámskrár á sérhver leikskóli að móta sína eigin skólanámskrá. Námskráin á að vera skrifleg og aðgengileg öllum þeim sem málið varðar. Í skólanámskrá á að gera grein fyrir hvernig leikskólinn hyggst vinna að þeim markmiðum sem aðalnámskrá leikskóla setur, hvaða leiðir verða farnar og hvernig staðið er að mati. Jafnframt skal fjallað um þau gildi sem starf leikskólans byggist á og þær hugmyndafræðilegu áherslur sem tekið er mið af. Í skólanámskrá eiga einnig að koma fram þær áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið. Áður en að skólanámskrá öðlast gildi skal nefnd kjörin af sveitarstjórn staðfesta námskrána að fenginni umsögn foreldraráðs.

Skólanámskrá skal endurskoða reglulega. Skólanámskrá leikskóla á að taka mið af áhuga barna og sjónarmiðum og skal unnin í samvinnu leikskólakennara, annars starfsfólks, barna og foreldra. Með þátttöku og samræðum þessara aðila mótast helstu áherslur og viðmið í starfi leikskóla. Skólanámskráin er því eins konar sáttmáli um hvaða leiðir hver leikskóli ætlar að fara í starfsaðferðum og samskiptum til að efla menntun barna og stuðla að starfsþróun og fagmennsku innan leikskólans.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Þar geta einnig komið fram helstu áherslur í foreldrasamstarfi, innra mati, tengslum leikskóla og grunnskóla, stoðþjónustu og fyrirkomulagi öryggis- og slysavarnamála eftir því sem við á. Áætlunin er unnin í nánú samstarfi við leikskólakennara, annað starfsfólk, börn og foreldra. Unnt er að vinna starfsáætlun þannig að starfsemi síðasta skólaárs sé metin við gerð hennar. Þannig gefst tækifæri til að ræða árlega þá þætti sem þessir aðilar telja mikilvæga og eru ánægðir með og jafnframt þá þætti sem þeir telja að megi bæta. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en nefnd kjörin af sveitarstjórn tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Leikskóli verður að vera í stöðugri þróun, fylgja straumum og stefnum á hverjum tíma og auka þekkingu og framfarir í leikskólanum til hagsbóta fyrir skólasamfélagið í heild. Þróunarstarf getur m.a. falist í skipulögðum verkefnum sem eiga að leiða til nýbreytni, þróunar og umbóta í leikskólastarfinu. Markmið þróunarverkefnis, tímaáætlun, skipulag og leiðir þurfa að liggja fyrir áður en það hefst. Meta þarf árangur þess, hvort og hvernig markmið náðust og miðla reynslunni með öðrum sem að leikskólastarfi koma.

## 14 MAT Á LEIKSKÓLASTARFI

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og er hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

### 14.1 Innra mat í leikskóla

Innra mati á leikskólastarfi er einnig ætlað að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólastarfs í leikskólum. Með kerfisbundnu mati er greint hvað gengur vel og hvað miður og síðan teknar ákvarðanir um umbætur á grundvelli niðurstaðna.

Mat á starfi leikskólans á að taka mið af þeim markmiðum og gildum sem fram koma í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Jafnframt tekur innra mat mið af starfsaðferðum og sérstöðu hvers leikskóla sem fram kemur í skólanámskrá. Innra mat á að vera samofið daglegu starfi leikskólans, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu, auka vitund starfsfólks um ábyrgð þess á starfsemi leikskólans og vera liður í foreldrasamvinnu.

Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat, þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að leikskólastarfinu, stuðla að auknum gæðum í starfinu. Þar eru leikskólakennarar, annað starfsfólk, foreldrar og börn mikilvægustu þátttakendurnir. Þessir aðilar þurfa að fá tækifæri til að velta fyrir sér leikskólastarfinu og ræða sín á milli á jafnréttisgrundvelli.

Hver leikskóli mótar viðmið fyrir sína starfsemi, setur þau fram í skólanámskrá og þróar matsaðferðir sem henta starfsháttum skólans. Mikilvægt er að fara mismunandi leiðir við gagnaöflun og styðjast við fjölbreyttar matsaðferðir sem taka mið af starfsaðferðum leikskólans, fjölbreytileika í foreldrahópnum og ólíkum tjáningarmáta barna.

Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats. Leikskóla-stjóri ber hins vegar ábyrgð á framkvæmd innra mats í leikskólanum og fylgir eftir umbótum sem byggðar eru á niðurstöðum þess. Niðurstöður innra mats á leikskólastarfinu ásamt umbótaáætlun eiga að vera aðgengileg. Mikilvægt er að nefnd sem fer með málefni leikskólans í umboði sveitarstjórnar fylgi því eftir að niðurstöður innra mats stuðli að auknum gæðum skólastarfs.

### 14.2 Ytra mat í leikskóla

Sú nefnd sem fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar skal hafa eftirlit með því að starfsemi leikskóla samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Þetta á bæði við um þá leikskóla sem reknir eru af sveitarfélaginu og þá sem reknir eru af öðrum aðilum. Nefndin ber ábyrgð á að skólastarf sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers leikskóla og að skólinn meti innra starf sitt með markvissum hætti. Við ytra mat má styðjast við margs konar upplýsingar t.d. um innra mat, mat á skólanámskrá og starfsáætlun skóla, framkvæmd skólastefnu sveitarfélagsins, tölulegar upplýsingar og önnur gögn eftir því sem við á.

Sveitarstjórn ber að tryggja að upplýsingum um skólastarf sé miðlað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, starfsfólks skóla og foreldra. Niðurstöðum úttekta og kannana skal fylgt eftir með markvissum hætti en eftirfylgni tekur mið af viðfangsefni og niðurstöðum.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem lög um leikskóla, reglugerðir og aðalnámskrá kveða á um. Reglubundið ytra mat ráðuneytisins felst í úttektum, könnunum og rannsóknum ásamt almennri öflun, greiningu og miðlun upplýsinga. Ráðuneytið gerir áætlun til þriggja ára um ytra mat, kannanir og úttektir, sem miða að því að veita upplýsingar um starfsemi leikskóla. Ytra mat ráðuneytisins getur m.a. falist í úttektum á skólastarfi í heild eða einstökum þáttum þess, stofnanaúttektum, úttektum á ákveðnum þáttum eða innra mati. Einnig getur ytra matið falist í greiningu á niðurstöðum mats sveitarfélaga. Niðurstöðum ber að fylgja eftir og tekur eftirfylgni ráðuneytisins mið af niðurstöðum hverju sinni. Niðurstöður allra kannana og úttekta eru birtar á vef ráðuneytisins.

**VIÐAUKI YFIRLIT YFIR REGLUGERÐIR 2012 SEM BYGGJA Á LÖGUM UM LEIKSKÓLA, NR. 90/2008**

- Reglugerð:
- nr. 242/2009 um Sprotasjóð leik-, grunn- og framhaldsskóla,
- nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla,
- nr. 970/2019 um breytingu á reglugerð um starfsumhverfi leikskóla,
- nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald,
- nr. 896/2009 um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla,
- nr. 856/2011 um breytingu á reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla,
- nr. 444/2019 um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.